

Fundur 18.11.2024 Jónas frá Hriflu.

Góða kvöldið, heilsa ég ykkur.

*Já góða kvöldið.*

Vona ég að ég nái að koma þessu erindi til skila og mega ekki Íslendingar gleyma þeim góða árangri sem flokkur okkar hefur náð og halda áfram þar sem frá var horfið með þjóðlega stefnu og uppgang sveita og borga.

Og lít ég til ykkar á þessum árstíma þegar líf er að færast í pólitíkina að nýju og þörf er á áminningu og uppörvun og góðum orðum.

Varð flokkur minn fyrir erfiðleikum á þessum hnetti þegar innrás var gerð, og erum við að taka við okkur og höfum náð stórkostlegum árangri.

Og hef ég oft talað til ykkar frá þessari stjórnusambandsstöð og er ég hér í fyrsta framlífi mínu og hefur okkur tekist að ná orku í mannskapinn og samstöðu og ná til baka þeirri orku sem tapaðist þegar innrásarliðið kom hér með réttarhöld og reglur sem eru mjög umdeilanlegar og reyndust ekki eiga stoð í okkar samfélagi nema að litlu leiti.

Skynja ég til ykkar og ætla ég að reyna að hafa áhrif til góðs og að kosningar ykkar fari vel og við taki sú stjórn sem er góð fyrir land og líf.

En gleppist ekki af gylliboðum um gull og græna skóga á erlendum mörkuðum og þjóð sem ræður sér sjálf.

Hef ég talað til ykkar áður og reyni ég að segja nafn mitt, eru hér fjölmargir Íslendingar á þessum hnetti sem fylgja minni stefnu og höfum við náð að koma mörgum þeim breytingum til baka sem voru gerðar á þessu samfélagi, og gleður það mig.

Nafn mitt er Jónas frá Hriflu. *Já já þú hefur komið nokkru sinnum.*

Já skynja ég nú til ykkar og vildi koma með boðskap minn og er mér sterkur hópur fylgjandi og vona ég að okkur takist að hafa góð áhrif á ykkur og hjálpa til að þið fáið góða stjórn á Íslandi, síðar í þessum mánuði.

Tekst mér ekki að koma öllu til skila sem ég ætlaði mér, en ég veit að þið vitið sum hvaða áhrif ég er að tala um í okkar þjóðfélagi og hvaða innrás, býst ég við því.

Já já, ég var einmitt að lesa gamalt samband við þig, þar sem þú varst að lýsa yfir söknuði þegar þeir fóru frá þér Fisher og Jörg Haider, en þú hafðir haft gaman að því að spjalla við þá.

Já það var nú meira en að spjalla við þá merkismenn, að það voru hér merkilegir hlutir sem gerðust í þessu samfélagi og hamfaraf lutningar frá öðrum hnöttum og náði það miklu hámarki í ýmsum atburðum, sem ég vonandi get sagt frá seinna.

En gerðist það á skömmum tíma og fengum við heimsóknir frá æðri lífstöðvum og já sakna ég þess og er annar þeirra vel staddur nú um þessar mundir, en hinn þarf á hjálp að halda og höfum við einnig reynt að sinna því.

Fisher er enn þarna þar sem hann nær ekki fullu sambandi við lífstefnu öflin, en er að vinna þar merkileg störf engu að síður.

Og já, sendi ég bestu kveðjur til Íslendinga, til ykkar allra og vona að ykkur farnist vel, ætla ég nú að ljúka þessu sambandi og þakka fyrir mig og gleður það mig mjög að ég hafi komið í sambandið og komið þessum áhrifum áleiðis til ykkar, verið þið blessuð og sæl.

*Pakka þér fyrir og vertu blessaður.*